


Excel Desktop – Verkefni 21 exd21-punkturrit

	Aðgerð	Skýring
1.	Settu langsnið á bæði blöðin	(Útlit síðu, Stefna).
2.	Settu haus með nafni og fót með sjálfvirkum heitum skjals og blaðs.	Á bæði blöðin.
3.	Bættu inn nýrri línu 1 og nýjum dálki A	Á báðum blöðunum.
4.	Settu rammalínur utan um töflurnar á báðum blöðunum	
5.	Blaðið Enska-Danska: Veldu svæðið C3 til D14 og búðu til punkturrit: Setja inn, Punktarit, Punktar eingöngu (Hver punktur táknar 2 einkunnir sama nemanda. Yfirleitt fylgjast þessar einkunnir að, nema hjá Magnúsi!)	
6.	Breyttu fyrirsögninni ofan við línuritið:	
7.	Settu viðeigandi ástitla á ásana (Hönnun línurits, Bæta við línuritseiningu)	 Danska á lóðrétta ásin, Enska á lárétta
8.	Settu inn bestu línu: Hægrismelltu á einhvern punkt í línuritinu. Veldu Bæta við leitnilínu . Gættu þess að Línuleg sé valið og merktu við reitina sem myndin sýnir. Lokaðu glugganum.	(Besta lína sýnir stefnuna í gögnunum, t.d. hvort þeir sem fá háar einkunnir í ensku fá almennt hærri einkunnir í dönsku.) 
9.	Færðu formúluna efst sbr. fyrirmyndina	Með formúlunni getum við áætlað dönskueinkunn (y) út frá enskueinkunn (x). Ef nemandi er t.d. með 7 í ensku mætti áætla að hann fengi $0,4221 * 7 + 3,5795 = 6,5$ í dönsku. R gildið sýnir <i>fylgnina</i> á milli einkunnanna, því hærri tala, því meiri fylgni (jákvæð eða neikvæð).
10.	Það er villa í gögnunum! Magnús á að vera með 9 í dönsku!! Lagaðu það.	Taktu eftir hvernig leitnilínan hallast nú meira og hvernig R gildið (fylgnin) snarhækkaði. Nemandi með 7 í ensku ætti nú að fá $0,73 * 7 + 1,9041 = 7$ í dönsku skv. formúlunni
11.	Láttu kvarðann á báðum ásum byrja frá 3,0 , enda á 10,0 og hlaupa á 1,0 (hægrismelltu á ás og veldu Sníða ás...)	Lágmark: ☐ Sjálfvirk ☒ Fast 3,0 Hámark: ☐ Sjálfvirk ☒ Fast 10,0 Aðaleining: ☐ Sjálfvirk ☒ Fast 1,0
12.	Útlitsmótaðu myndritið að öðru leyti.	
13.	Blaðið Hæð og hitastig: Útbúðu punktarit eins og sýnt er. Láréttur ás: frá 5 til 20 og hlaupa á 2 Lóðréttur ás: 0 - 2000, hlaupa á 250 Hafðu bestu línu, jöfnu og R gildi.	Hvað segir þessi mynd okkur um samband hæðar og hitastigs?

